

SKOÐUN

að til einvörðungu verið á höndum þeirra sem koma að meðferð sjúklingsins. Til að þessir aðilar geti tryggt trúnaðinn við sjúklinga þurfa þeir að hafa faglegt sjálfstæði til að varðveita þessi gögn. Í frumvarpi til laga um gagnagrunna er alvarlega vegið að þessu sjálfstæði með því að veita einnig heilbrigðisráðherra og stjórnendum stofnana ráðstöfunarvald yfir sjúkragögnum. Lækn- um og öðrum sem stjórna meðferð er þar með gert ómögulegt að standa undir trausti sjúklinganna. Ef þeir eiga að afsala sér valdi yfir sjúkragögnum í hendur yfir- stjórna stofnana og heilbrigðisráðherra er þagnarskylda þeirra sem koma að meðferðinni marklaus og þar með er kominn alvarlegur brestur í trúnaðarsambandið. Það er einnig umhugsunarvert hvort stjórnvöldum á yfirhöfuð að vera heimilt að draga saman upplýsingar um einstaklinga með þessum hætti. Til samanburðar mætti ímynda sér að viðskiptaráðherra eða fjármálaráðherra fengju vald til að draga saman allar upplýsingar um fjármál einstaklinga frá kortafyrirtækjum, bönkum og öðrum fjármálastofnunum í einn miðlægan gagnagrunn, samkeyra hann við dulkóðuð ættartré, og fá þannig dulkóðuðar upplýsingar um eyðslu og

fjárhagsstöðu allra fjölskyldna og einstaklinga í landinu.

Það er með öllu óviðunandi að pólitískir ráðamenn og stjórnendur heilbrigðisstofnana geti veitt aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá. Ef frumvarp sem heimilar slíkt verður samþykkt kemur upp vegna trúnaðar við sjúklinginn tvöfalt bókhalð þar sem einungis brot af þeim upplýsingum um sjúklinga sem eðlilegt væri að bókfæra bær- ist í gagnagrunninn eða hreinlega að í gagnagrunninn færu rangar upplýsingar. Hvort tveggja væru slæmir kostir sem mikilvægt er að fyrirbyggja.

Nær væri að reyna að efla það traust sem sjúklingar þurfa að geta haft á heilbrigðisþjónustunni fremur en að grafa undan því. Koma verður í veg fyrir að tiltekni sjúklingar eða sjúklingahópar veigri sér við að leita eftir heilbrigðisþjónustu þar sem þeir treysti sér ekki til að ræða líðan sína og sjúkdóma í því nýja umhverfi sem gagnagrunnar á heilbrigðisviði gætu skapað. Þá væri heilbrigðisstarfsfólk að bregðast frumskyldu sinni við sjúklinga. Því þó að heilbrigðisstéttir hafi skyldur gagnvart sjúklingum fram- tíðarinnar og eigi að stunda vísindi og efla þekkingu á greiningu og meðferð sjúkdóma, þá má sú þekkingarleit ekki koma niður á þjónustunni við þá sem sjúkir eru.

Fleiri álitamál

Í þessari umfjöllun hafa fyrst og fremst verið gagnrýndir þeir hlutar þess frumvarps til laga um gagnagrunna á heilbrigðisviði sem að mati síðaráðs landlæknis geta skaðað trúnaðarsamband heilbrigðisstarfsfólks og sjúklings. Ekkert hefur verið fjallað um þau mikilvægu mál sem snúa að frelsi til vísindarannsóknna, tryggingu persónuleyndar, áreiðanleika slíks gagnagrunns sem uppsprettu vísindalegrar þekkingar eða hvort raunverulega sé til staðar hér á landi nægilegur mannaflí og þekking til að búa til og hafa eftirlit með þeim gagnagrunni sem hér er til umræðu svo dæmi séu nefnd. Þó að ekki sé fjallað beint um þessi mál hér er ljóst að í umræddu frumvarpi eru önnur mikilvæg mál sem nauðsynlegt er að skoða vandlega. Í svo afdrifaríkri umræðu sem þessari þarf að gefa sér tíma til að greina grundvallarspurningar og taka ábyrga afstöðu til þeirra áður en frumvarpið verður tekið til afgreiðslu.

Ástríður Stefánsdóttir er læknir, MA í heimspeki og varaformaður Síðaráðs landlæknis og Vilhjálmur Árnason er prófessor við Háskóla Íslands og formaður Síðaráðs landlæknis.

Fyrir þá
sem vilja ná
árangri

Hagnýt og markviss tölvunámskeið

Eftir því sem tölvunotkun verður almennari, þá eykst þörfin fyrir hagnýt og markviss tölvunámskeið.

Námskeið Rafiðnaðarskólans henta fólki sem vilja auka menntun sína og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaðinum. Markmið með hverju námskeiði er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu og innsýn í notkunarmöguleika útbreiddustu forritanna á markaðinum í dag og verði sjálfbjarga í notkun þeirra.

Boðið er upp á morgun-, miðdegis- og kvöldtíma.
Einnig er boðið upp á helgarnámskeið.

TÖLVUGRUNNUR	WINDOWS
RITVINNSLA WORD 1	RITVINNSLA WORD 2
TÖFLUREIKNIR EXCEL 1	TÖFLUREIKNIR EXCEL 2
GAGNAGRUNNUR ACCESS 1	GAGNAGRUNNUR ACCESS 2
POWER POINT	UMBROTSFORRITID MS PUBLISHER
INTERNETID	VEFSÍÐUGERÐ

Innritun og upplýsingar í síma 568 5010

RAFIDNAÐARSKÓLINN

ÚTSALA Í VEIÐIMANNINUM

Hefst á morgun, mánudag!



Veiðistangir

allt að
40%
afsláttur

Veiðihjól

allt að
40%
afsláttur

Spúnar

allt að
40%
afsláttur

Allt girni á hálfvirði

Fatnaður

allt að
60%
afsláttur

10% staðgreiðsluafsláttur af öllum öðrum vörum meðan á útsölu stendur. (Byssur og skot undanskilin)

Opið virka daga frá kl. 8 - 20.
Laugardaga frá kl. 10 - 16.
Sunnudaga frá kl. 12 - 16.

Sendum samdægurs um land allt



Veiðimaðurinn Hafnarstræti, Sími 551 6760